
167. Guðmundur Ingi Kristinsson (Innlæg)

Forseti. Norrænir vinir. Greinargerðin er komin út og þar er bent á mörg atriði sem eru í gangi nú þegar og önnur sem eru langt komin. Þá er einnig bent á að stefna um málefni fatlaðs fólks á Norðurlöndum er nátengd framkvæmd réttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Greinargerðir um málefni fatlaðs fólks eru góðar ef framkvæmdir fylgja og greinargerðir eru enn betri ef þau markmið sem bent er á að þurfi að laga séu í lokavinnslu eða lokið. Það verður að gerast strax, málið er að ryðja úr vegi hindrunum sem að óþörfu útiloka fatlað fólk frá vinnu, skóla og virku lífi. Nú verður að stöðva með öllum ráðum ofbeldi sem þessi hópur hefur orðið fyrir, líkamlega og andlega. Þá er þörf á að vinnumarkaðurinn sjái okkur fyrir vinnu við hæfi og við þurfum oft flókin tæki til að vinna, stunda íþróttir og tómstundir. En stundum þurfum við ekki flóknari tæki en hækjur til að vera þingmenn. Munið, númer eitt, tvö og þrjú: Ekkert um okkur án okkar.

Skandinavisk oversættelse:

Præsident. Nordiske venner. Redegørelsen er udkommet, og der peges på mange punkter, der allerede er igangsat og andre, der er godt på vej. Der peges også på, at strategien for funktionshindringer i Norden er tæt koblet til implementeringen af FN's rettighedskonventioner. Redegørelser om funktionshindringer er gode, hvis de bliver fulgt op af konkrete handlinger, og redegørelser er endnu bedre, hvis de mål, der ønskes forbedret, enten er i slutstadiet eller allerede gennemført. Det må ske med det samme. Det handler om at fjerne unødvendige hindringer, der udelukker folk med funktionshindringer fra arbejdslivet, uddannelse og et aktivt liv. Nu må vi

med alle midler stoppe volden, som denne gruppe er blevet udsat for, fysisk og psykisk. Derudover er der behov for, at arbejdsmarkedet sikrer os et passende arbejde, og vi har ofte brug for et avanceret udstyr for at kunne arbejde og dyrke idræt og fritidsinteresser. Men nogle gange kræves der ikke mere avancerede hjælpemidler end krykker for at være parlamentarikere. Husk nummer et, to og tre: Intet om os, uden os.

Information

Talenummer

167

Type

Indlæg

Person

[Guðmundur Ingi Kristinsson](#)

Talerrolle

Udvalget for Velfærd i Nordens talsperson

Dato

30.10.19 11:20

Sag

[Redogörelse om nordiska ministerrådets samarbete om funktionshinder 2019 \(Dokument 19/2019\)](#)